

## Lyfjaskírteini - vinnuregla

### Blóðþrýstingslyf

ATC flokkur: C09D – Angiótensín II blokkar, í blöndum

Dagsetning: 1. janúar 2023

---

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmstu pakkninga í ATC flokkunum C09D og eru þær G - merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini. Ef hagkvæmstu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Meðferð með hagkvæmstu lyfjunum hafi reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

#### Gildistími:

5 ár